

Fundargerð Delta, 4. fundur í Grundaskóla á Akranesi Dansað á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars 2025

Priðji fundur vetrarins var óhefðbundinn, við dönsuðum á alþjóða baráttudegi kvenna, 8. mars og þetta var sameiginleg stund með Zontakonum á Vesturlandi – Uglum. Dansað var til styrktar Menntunarsjóði Mæðrastyrksnefndar.

Við Delta- og Zontakonur mættum í Grundaskóla á Akranesi um kl. 10:30 og gerðum klárt fyrir dansstund. Við vorum með happdrætti, varning og kaffi á boðstólum.

Mættar voru níu deltakonur, fjórar zontkonur og þrír ungir gestir.

Stundin hófst kl. 11:00 á því að Theodóra Þorsteinsdóttir formaður Delta og Signý Óskarsdóttir formaður Uglu buðu alla velkomna og kynntu til leiks danskennarann okkar í dag, Guðlaugu M. Sverrisdóttur sem hafði með sér þrjár ungar stúlkur úr Grundaskóla. Þær kenndu okkur dans og við dönsuðum allar dágóða stund.

Þá var komið að því að fá sér kaffi og kex og einnig var dregið í happdrættinu. Allar konur mættu með vinninga svo það var úr mörgum vinningum að draga. Theodóra og Ásta Egisdóttir sáu um að stýra happdrættinu og fengu held ég flestir viðstaddir vinning. Fyrir utan happdrættismiða voru Uglur einnig með varning til sölu. Ágóðinn af happdrætti og varningi var kr. 50.500 og mun renna til Menntunarsjóðs Mæðrastyrksnefndar, stykur fá Delta- og Zontakonum á Vesturlandi. Síðan var aftur dansað og ungu stúlkurnar sýndu okkur einnig skemmtilega dansa.

Dansstundinni lauk kl. 12:00, við æfðum nýja lagið okkar einu sinni og svo héldum við heim glaðar og léttar í sinni. Og ekki spillti sólskinið á leiðinni heim.

Fundarritari: Theodóra Þorsteinsdóttir